



Lagastoð
b/t Gizurar Bergsteinssonar
Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Afrit til:
Rósu Guðbjartsdóttur
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Njarðvík, 17. október 2018.

Efni: Bréf frá Lagastoð 11/10 vegna hafnarframkvæmda fyrir Trefjar hf.

Í bréfi Lagastoðar þann 11. október, sem er svar við bréfi okkar sent bæjarstjóra Hafnarfjarðar þann 2. október, koma fram skoðanir á málinu sem auðsjáanlega eru misskilningur á þeirri tækni sem hér um ræðir. Lykilatriði málsins er hvort þær framkvæmdir í Hafnarfjarðarhöfn sem Skipasmíðastöð Njarðvíkur hefur gagnrýnt, séu öllum nýtanlegar eða hvort þær eru einungis nýtanlegar einum aðila.

1. Skipasmíðastöð Njarðvíkur óskaði eftir því við Stefán Guðsteinsson skipatæknifræðing, að hann gerði grein fyrir þeirri ólíku hafnaraðstöðu sem mismunandi upptökuvagnar nýta. Gerir hann það í greinargóðri skýrslu sem er meðfylgjandi. Þar kemur mjög glögglega fram sú mismunandi tækni sem þessir vagnar byggjast á. Niðurstaða hans er að „*það er grundvallarmunur á þeim hafnarmannvirkjum sem bessar ólíku gerðir vagna nota, ekki er hlægt að nota „skábrautarvagna“ við hafnaraðstöðu sem ætluð er fyrir upptökurólu, og öfugt*“. Jafnframt kemur fram hjá honum að „*upptökuróla*“ sem er í eigu Trefja er sú eina sem til er á landinu.
2. Í svari Lagastoðar kemur fram að „*öllum er heimilt að nýta aðstöðuna*“ og að fyrirtækið Trefjar hafi ekki einkarátt á hafnaraðstöðunni. Að lokum kemur að „*yður, líkt og öðrum, er heimilt að nota aðstöðuna*“ . Nú fer það ekki milli mála að framkvæmdirnar eru sérsniðnar bæði í lengd og í breidd fyrir „*upptökurólu*“ Trefja hf.. Enginn annar upptökuvagn á landinu, enginn – getur haft nokkur not af þessu mannvirki.
3. Ekki er það einungis gerð upptökurólu Trefja sem er tæknileg hindrun fyrir aðra aðila sem myndu frekar vilja nýta skábrautarvagna, heldur er algjörlega ljóst að hafnarmannvirkið er sérstaklega hannað og teiknað fyrir stærð, þyngd, lengd og breidd upptökurólu Trefja. Ef aðrir aðilar ætla að nýta sér mannvirkið seinna, yrðu þeir að kaupa eins upptökurólu og Trefjar eiga. Lengra er varla hægt að ganga í tæknilegum hindrunum og ólöglegu inngrípi á frjálsum markaði. Í svarbréfi Lagastoða er ítrekað slengt fram alröngum fullyrðum um hið gagnstæða svo sem að „*útilokað sé að líta svo á að aðstaðan feli í sér styrk eða aðstoð enda*



eiga hér við sjónarmið um venjulegar markaðsaðstæður“, að framkvæmdin sé til þess falin að „auka samkeppni á markaði“ og að Hafnarfjörður geti ákveðið í framtíðinni að „bjóða aðstöðuna út“. Þetta eru glórulausar fullyrðingar enda munu risavaxnar upptökurólur sem kosta tugi milljóna, í nákvæmlega sömu stærð og upptökuróla Trefja, seint verða í fleirtölu á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði. Það er í versta falli óheiðarlegt og í besta lagi útúrsnuningur að segja að allir geti notað eitthvað sem alveg er ljóst að einungis einn getur notað.

4. Í svarbréfi Lagastoðar er ítrekað fjallað um gjaltdöku af „*þeim sem sem nota hina nýju aðstöðu og verður gjaldskrá hafnarinnar miðuð við að framkvæmdir standi undir sér*“. Ef við skoðum þennan málatilbúnað þá virðist tímaröð málsins vera eftirfarandi:

- Trefjar kaupa upptökurólu.
- Höfnin ákveður að byggja hafnarmannvirki fyrir umrædda upptökurólu. Verktakaþátturinn einn og sér er um 33 milljónir.
- Þetta er gert, boðið út, samþykkt í hafnarstjórn og fundargerð send til bæjarstjórnar.
- Enginn samningur um það hvernig Trefjar eigi að greiða fyrir afnotin.

Á fundi sem Lúðvík Geirsson hafnarstjóri átti með Þráni Jónssyni framkvæmdastjóra Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur, í lok september 2018, kom fram í minnisblaði sem Þráinn tók saman strax eftir fundinn, að samkvæmt hafnarstjóra hefði ekkert verið rætt um gjaldskrá milli hafnarinnar og Trefja. Aðspurður kvaðst hafnarstjóri ekki hafa neinar áhyggjur af því að ekki semdist milli aðila. Í svarbréfi Lagastoða og fundargerð Hafnarfjarðarhafnar kemur glögglega fram að enginn slíkur verðlisti er til, en að menn séu nú að huga að slíku.

Ljóst er að samningsstaða hafnarinnar er mjög veik, eftir að búið er að byggja sérhæft hafnarmannvirki fyrir „upptökurólu“ Trefja. Fyrir okkur sem erum í viðskiptum á frjálsum markaði er þetta algjörlega óskiljanleg tímaröð framkvæmda og óskiljanlegt viðhorf til þess hvernig höfnin eigi að ná fjárfestingu sinni tilbaka.

5. Í bréfi Lagastoðar er því síðan hafnað að framkvæmdirnar brjóti í bága við lög um ríkisaðstoð þar sem greitt muni verða fyrir notin á aðstöðunni „*samkvæmt gjaldskrá hafnarinnar og gjaldskráin byggist á því að framkvæmdirnar standi undir sér*“. Vörnin er sem sagt sú að þessar framkvæmdir standist markaðspróf. Sú vörn hljómar óskiljanlega þar sem samþykkt var að fara í framkvæmdir án samninga – og án trygginga og veða. Sílkt myndi verkár aðili á markaði aldrei gera og ætla svo að semja eftir á við eina kaupanda þjónustunnar

Auðvitað er alveg ljóst, að þegar um sérhæft mannvirki er um að ræða eins og í þessu tilviki, þar sem einungis verður einn viðskiptavinur hafnarinnar í upptökum, þá hlýtur gjaldskráin að vera föst upphæð á ári – óháð notkun. Allt annað væri algjörlega óeðlilegt, þ.e. ef verið er að hugsa um fjármuni bæjarbúa í Hafnarfirði. Ella er Hafnarfjarðarhöfn að taka þá áhættu að Trefjar verði undir í samkeppninni við Njarðvík, upptökufjöldinn verði lítill sem enginn og engar tekjur komi inn.




Ef við berum saman slíka fjárfestingu í hafnarmannvirkjum á frjálsum markaði þá er alveg ljóst að þessi kostnaður er fastur – algjörlega óháður notkun. Skipasmíðastöð Njarðvíkur burfti að fjármagna sínar hafnarframkvæmdir árið 2006, fyrir sinn upptökuvagn - af sínu fé og byggja skábraut, laga hafnargarða og byggja flotbryggju. Þessu hefur félagið burft að standa kostnað af, sinna viðhaldi og bera þungan fjármagnskostnað. Þegar umræður um ársgjald Trefja vegna framkvæmdanna í Hafnarfirði hefst, þá hlýtur að þurfa að meta allan kostnað vegna mannvirkjanna, þ.m.t. allan efniskostnað, kostnað við færslu dráttarbáta, hönnun, fjármagnskostnað, viðhald og fleira. Þessum kostnaði þarf síðan að dreifa sem föstum kostnaði á ákveðinn árafjölda. Allt annað skekkir samkeppnisstöðuna.

Við óskum eftir viðbrögðum frá Hafnarfjarðarbæ um þann grunn sem gjaldtakan á hafnarmannvirkjum fyrir upptökurólu Trefja á að miðast við.

1. Hver er sundurliðuð heildarfjárfesting Hafnarfjarðarhafnar?
2. Á hversu mörgum árum á höfnin að fá fjárfestinguna tilbaka?
3. Hvaða fjármagnskostnaður er lagður til grundvallar?
4. Hver sér um viðhaldskostnað á hafnarmannvirkjunum?
5. Hvernig ætlar höfnin að tryggja tekjur sínar óháð velgengni Trefja í samkeppninni?

Þetta eru allt spurningar sem varkár fjárfestir sprýr sig að og fær á hreint áður en ákveðið er að fara í fjárfestingar.

Virðingarfyllst, f.h. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur


Lúðvík Börkur Jónsson, Stjórnarformaður

Til mín leitaði Skipasmíðastöð Njarðavíkur og óskaði eftir staðfestingu á því að upptökuvagn sá sem Trefjar hf hefur keypt til landsins og stendur fyrir utan húsnæði félagsins að Óseyrarbraut 29 í Hafnarfirði, þurfi sérstakar hafnaraðstæður til að geta tekið upp báta eða skip.

Upptökuvagn Trefja

Upptökuvagn Trefja hf er af þeirri tegund sem kallast á ensku “self propelled boathoist” eða “sjálfkeyrandi upptökuróla”. Tæknin byggist á því að vagninum er ekið út á tvo steypta kanta (sjá mynd 2) og þarf skipið að fljóta milli kantanna. Ólar eru síðan látnar síga niður úr vagninum og færðar undir bátinn, hann hífður upp í vagninn og síðan ekið með hann burt. Vangninn sem slíkur fer aldrei í sjó. Á mynd 1 hér að sést vagn Trefja fyrir utan hús félagsins. Mynd númer 2 er af slíkum vagni standandi úti á tveimur köntum eftir að vera búinn að lyfta skipi upp.

Mynd 1 – Upptökuvagn Trefja tekin 27 september 2018.



Mynd 2. “self propelled boathoist”



Aðrir upptökuvagnar á Íslandi:

Allir aðrir hreyfanlegir upptökuvagnar á Íslandi byggjast á því að þeim er ekið niður skábraut niður í sjó þar sem skipin sigla upp í vagninn. Vagninn er svo dreginn á þurrt eftir að skipið hefur verið skorðað í vagninum. Á Íslandi eru margir báteigendur sem eiga sína vagna fyrir litla báta og draga þá á land með jeppum eða sambærilegum farartækjum. Margar útgáfur eru af þessum vögnum.

Skipasmíðastöð Njarðvíkur á vagn sem keyptur var til landsins 2006 og getur tekið báta og skip allt að 47 þungatonn. Slíkir vagnar eru kallaðir «slipway trailers» eða «skábrautarvagnar». Vagninn í Njarðvík er dreginn af stórum traktor sem er knýr vökvakerfi vagnsins. Þegar vagninn er kominn út í sjó þá er skipið skorðað með vökvatjökkum og er síðan dregið á land. Mynd 3 hér að neðan sýnir vagninn í Njarðvík draga skip á land en mynd 4 er frá framleiðenda vagnanna og sýnir vel hvernig hafnaraðstöðu þarf fyrir slíka vagna.

Mynd 3.

Máni ÁR sjósettur 15 otk. 2018 í Gullvagninum í Njarðvík



Mynd 4. Frá framleiðenda "skábrautarvagna"



Niðurstaða:

Upptökuvagn Trefja í Hafnarfirði er eini vagn sinnar tegunar á landinu þegar þetta er skrifað, þ.e. «sjálfkeyrandi upptökuróla». Upptökuvagn Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur og aðrir upptökuvagnar í eigu einkaaðila í landinu eru allir «skábrautarvagnar». Það er grundvallarmunur á þeim hafnarmannvirkjum sem þessar ólíku gerðir vagna nota, ekki er hægt að nota «skábrautarvagn» við hafnaraðstöðu sem ætluð er fyrir «upptökurólu» og öfugt.

Reykjavík 16 október 2018

Stefán Guðsteinsson
Skipatæknifræðingur
SG@envo.is
Sími: 8953100